

Hörgársveit

Fréttabréf

4. árg., 4. tbl., 22. febrúar 2013

Ós í Hörgárdal

Landspildur til sölu

Sveitarstjórn Hörgársveitar óskar eftir tilboðum í þrjár afmarkaðar landspildur úr jörðinni Ósi í Hörgárdal. Jörðin liggur að mestu vestan Hörgárósa og á landamerki til suðurs og vesturs að Ásláksstöðum en til norðurs að Hvammi. Svæði á náttúruminjaskrá meðfram Hörgá og land undir vegslóða sem liggur að því svæði fylgir ekki með í sölunni.

Þær landspildur sem um ræðir eru þessar:

- Spilda A** Spildan er um 37 ha og afmarkast af Bakkavegi að sunnan og austan, landamerkjum Hvamms að norðan og landamerkjum Ásláksstaða vestan.
- Spilda B** Spildan er um 18 ha, þar af tún 9,5 ha, og afmarkast af landamerkjum Ásláksstaða að sunnan, öðrum spildum úr landi Óss að vestan og norðan og náttúruminjaskrársvæði að austan.
- Spilda C** Spildan er um 47 ha, þar af tún um 3,5 ha, og afmarkast af Bakkavegi að vestan, öðrum spildum úr landi Óss að sunnan og norðan og náttúruminjaskrársvæði að austan.

Útboðslýsing hvernar landspildu er fáanleg á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla, síminn er 461 5474 og netfangið er horgarsveit@horgarsveit.is. Tilboðsfrestur er til kl. 11:00 fimmtudaginn 14. mars 2013. Þá verða þau opnuð á skrifstofu sveitarfélagsins að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

22. febrúar 2013

Sveitarstjórinn í Hörgársveit

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475
Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is
Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri
Veffang: www.horgarsveit.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 32 20. febrúar 2013. Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Helgi Þór Helgason og Sunna Hlín Jóhannesdóttir. Fundarritari: Guðmundur Sigvaldason.

1. Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024, afgreiðsla

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar leggur fram tillögu að „Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024“ ásamt umhverfisskýrslu. *Tillaga samþykkt.*

2. Skútar/Moldhaugar, tillaga að deiliskipulagi

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Skúta og spildu úr landi Moldhauga, sem var auglýst 20. desember 2012. Athugasemdir og ábendingar bárust frá Sigríði Þ. Mahon o.fl., Jóni Björgvinssyni og Þórði Þórðarsyni.

Samþykkt tillaga skipulags- og umhverfisnefndar, fyrirliggjandi tillaga að deiliskipulagi Skúta og spildu úr landi Moldhauga, að gerðum eftirfarandi breytingum á henni:

- *Fornleifunum Skútnastekk og Skútnaseli verði bætt í greinargerð og á uppdrátt.*
- *Vegur að Skútum liggja þar sem gamli þjóðvegurinn er.*
- *Nýr vegur að fjárrétt verði færður nær austurmörkum lóðar.*
- *Lóð fjárréttar verði stækkuð, þannig að lóðarmörk verði alls staðar a.m.k. 20 m frá núverandi réttarvegg og að lóðin nái lengra til suðurs en tillagan gerir ráð fyrir.*

Ábendingar um frágang og mótvægisáðgerðir verði teknar til athugunar við útgáfu viðkomandi framkvæmdaleyfa.

3. Hörgá móts við Skriðu, framkvæmdaleyfi efnistöku

Lögð fram umsókn frá Húsabrekku ehf. um framkvæmdaleyfi til að taka 10-12.000 m³ af möl úr áreyrum Hörgár móts við Skriðu. Fiskistofa fellst á að leyfið verði gefið út. Umsögn veiðifélagsins um málið er jákvæð. Í umsögn Veiðimálastofnunar um málið koma fram ábendingar um hvernig staðið verði að efnistöku.

Samþykkt að gefið verði út framkvæmdaleyfi með skilmálum Veiðimálastofnunar. Leyfið skal gefið út á nafn nýs sameignarfélags um

Spilavist

Þriggja kvöldu vist verður spiluð í Hlíðarbæ laugardagskvöldin 2., 9. og 16. mars kl. 20:30

efnistöku úr Hörgá. Efnid verði haugsett og magntekið áður en það er flutt af staðnum. Framkvæmdaleyfisgjald kr. 49.000 greiðist, auk þess að magntaka greiðist skv. reikningi.

4. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar, 18. febrúar 2013

Fundargerðin er í fjórum liðum. Þrjú þeirra, um svæðisskipulag Eyjafjarðar, deiliskipulag á Skútum/Moldhaugum og umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr Hörgá, voru til afgreiðslu í dagskrárliðunum hér að framan. Í fjórða lið fundargerðarinnar er gerð tillaga til sveitarstjórnar um stöðvun þeirrar efnistöku í sveitarfélaginu sem ekki hefur framkvæmdaleyfi.

Sveitarstjórn samþykkti að viðkomandi aðilum verði gerð grein fyrir því að eftir 1. júní 2013 verði efnistaka án framkvæmdaleyfis í sveitarfélaginu stöðvuð.

5. Stofnun sameignarfélags um efnistöku í Hörgá

Lagt fram fundarboð stofnfundar sameignarfélags um efnistöku í Hörgá. Eftirtaldar jarðir í eigu Hörgársveitar liggja að Hörgá: Ós, Bessahlaðir og Bakkasel. Boðað var til stofnfundarins 13. febrúar 2013 og fram kom á fundinum að honum verður framhaldið 6. mars 2013. Þangað til gefst kostur á að gerast aðili að félaginu.

Sveitarstjórn samþykkti að eiga ekki aðild að sameignarfélagi því um efnistöku úr Hörgá, sem verið er að stofna.

6. Minkaveiði

Tekið fyrir að nýju bréf, dags. 29. október 2012, frá Atvinnu-þróunarfélagi Eyjafjarðar (AFE) um fyrirkomulag minkaveiða í héraðinu. Á fundi sveitarstjórnar 21. nóvember 2012 var frestað afgreiðslu á tillögu skipulags- og umhverfisnefndar um málið.

Sveitarfélagið hafi umsjón með minkaveiðum í sveitarfélaginu.

7. Búfjáreftirlit

Lagt fram til kynningar bréf, dags. 7. febrúar 2013, frá búfjáreftirlitsnefnd á svæði 18, þar sem gerð er grein fyrir því að sveitarfélagið muni bera kostnað af búfjáreftirliti á árinu 2013, eins og undanfarin ár, en ekki hefur tekið gildi fyrirhuguð breyting á því, sbr. fundargerð nefndarinnar 20. nóvember 2012, sjá fundargerð sveitarstjórnar 19. desember 2012.



sýnir nýtt leikverk eftir Jón Gunnar Þórðarson

Djákninn á Myrká

Leikstjóri: Jón Gunnar Þórðarson
Höfundur tónlistar: Skúli Gautason

Sýnt að Melum í Hörgárdal.
Sýningar hefjast kl. 20:00

- Frumsýning fimmtudaginn 28. febrúar
- 2. sýning föstudaginn 1. mars
- 3. sýning laugardaginn 2. mars
- 4. sýning föstudaginn 8. mars
- 5. sýning laugardaginn 9. mars

Miðapantanir í sínum
666 0180 (Sirrý) milli kl. 15-17
666 0170 (Ásgeir) milli kl. 16-18:30

8. **Siðareglur fulltrúa í sveitarstjórn og fastanefndum, síðari umræða**

Síðari umræða um siðareglur kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og fastanefndum, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samþykkt tillaga að siðareglum.

9. **Hjalteyri ehf., aðalfundarboð**

Aðalfundurinn verður haldinn 5. mars 2013. M.a. verður lögð fram tillaga um hækkun hlutafjár.

Guðmundur Sigvaldason fari með atkvæði Hörgársveitar

10. **Stokkur Software ehf., farsímaforrit**

Sveitarfélaginu boðin aðild að farsímaforritinu „Be Iceland“.

Erindinu hafnað.

11. **Forvarnabókin, styrkbeiðni**

„Fræðsla og forvarnir“ óska eftir styrk til útgáfu á upplýsingariti.

Erindinu hafnað.

12. **Aflið, styrkbeiðni**

Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, óskar eftir rekstrarstyrk.

Samþykki að veita Aflinu styrk að fjárhæð kr. 50.000.

13. **Prastarhóll, landskipti**

Vilborg Pedersen óskar eftir að 1.908 m² verði teknir undan jörðinni Prastarhóli og 1.066 m² undan jörðinni Prastarhóli 1.

Samþykkt.. Axel Grettisson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

14. **Dagverðareyri ehf, landskipti**

Óskað eftir að 11,85 ha landspilda verði tekin undan jörðinni.

Samþykkt.

Dýrahæagámar eru aðeins fyrir dýrahæ

Stranglega er bannað að setja annað en dýrahæ í dýrahæagámana í landi Bjarga og Hamars, en á undanförunum vikum hefur borið á því að fleira en dýrahæ sé sett í þá.

Rekstur dýrahæagámana er mjög kostnaðarsamur og fer kostnaðurinn eingöngu eftir þyngd þess sem úr þeim kemur þegar þeir eru losaðir.

Það eru vinsamleg tilmæli að tilgangur dýrahæagámana sé algjörlega virtur þannig að ekki þurfa að koma til þess að takmarka aðgang að þeim eða gera aðrar ráðstafanir til að tryggja rétta notkun þeirra.

Áréttaðar eru fyrri ábendingar um að unnt að fá stærri ílát fyrir úrgang en þau hefðbundnu, ef þörf er á. Hafa ber samband við Jón Þór í síma 860 6846 í slíkum tilvikum.

Ferð á Þverbrekkuvatn

Hin árlega fjölskylduferð á Þverbrekkuvatn er fyrirhuguð fljótlega. Áhugasamir hafi samband við Árna í Dunhaga sími 866 7501.

UMF Smárinn

Viðhald ljósastaura

Tilkynna þarf um ónýtar perur og aðra viðhaldspörf á ljósastaurum heimreiða fyrir 1. mars nk., ef úrbætur á að gera núna í vor. Næsta viðhaldsferð verður svo í haust. Síminn er 461 5474 en tölvupósturinn horgarsveit@horgarsveit.is

Styrkir til eflingar atvinnulífs

Auglýst er eftir umsóknum um styrk/styrkir til verkefna sem styðja atvinnulíf í Hörgársveit. Með umsókn skal fylgja greinargerð um framkvæmd verkefnisins. Við úthlutun styrkja verður m.a. horft til þessara þátta:

- verkefnið skapi störf í sveitarfélaginu
- verkefnið sé vel ígrundað og rökstutt
- verkefni sé umhverfisvænt
- verkefnið auki hróður sveitarfélagsins

Styrkur getur að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnis.

Umsóknareyðublöð má nálgast á vefnum horgarsveit.is og á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið horgarsveit@horgarsveit.is merkt „Styrkumsókn“.

Fyrirhuguðum kynningarfundum frestað

Fyrirhuguðum kynningarfundum um aðalskipulag Hörgársveitar sem vera átti í byrjun mars hefur verið frestað.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 20. mars í Þelamerkurskóla

Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 18. mars